

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra og fleiri lögum, 458. mál**

Reykjavík, 3.maí 2018

Leiðsögn - Stéttarfélag leiðsögumanna veitir eftirfarandi umsögn um frumvarpið.

Leiðsögn tekur undir með Alþýðusambandi Íslands, sbr. umsögn þess dags. 27. apríl 2018. Leiðsögn vill sérstaklega undirstrika mikilvægi og rökstuðning ASÍ vegna nýrra ákvæða um breiðara gildissvið laganna þannig að þau taki einnig til erlendra fyrirtækja sem eru hér með starfsemi án þess að selja innlendum aðila þjónustu sína. Á það t.d við um erlenda ferðasala og ferðaskrifstofur sem senda ferðahópa hingað til lands með eigin starfsmenn sem fararstjóra eða til leiðsögu. Í því sambandi eru ákvæði frumvarpsins um að lögin taki einnig til sjálfstætt starfandi manna afar mikilvæg því oft eru þessir aðilar, að minnsta kosti að nafni til, taldir verktakar. Veldur þetta mismunun á aðstöðu innlendra og erlendra ferðaþjónustufyrirtækja og hið sama á við um störf leiðsögumanna þegar starfsmenn eða verktakar óleyfisskyldra erlendra ferðasala, sem stunda “leiðsögn” hér á landi, dvelja hér langdvölum án þess að nokkuð eftirlit sé með því hvort þeir njóti kjara í samræmi við íslenska kjarasamninga og án þess að greiða hér nokkra skatta.

Leiðsögn - Stéttarfélag leiðsögumanna mælir eindregið með samþykkt frumvarpsins.

Virðingafyllst,

Indriði H. Þorláksson  
Formaður Leiðsagnar